

**Mál nr. 422/2022**

**Nafn málskotsaðila (M)**

**Nafn varnaraðila (V)**

**Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.**

**Nafn vátryggingartaka (X)**

### **Skaðabótaábyrgð. Vinnuslys.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 6. desember 2022 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 10. janúar 2023 ásamt fylgiskjali.
3. Viðbótarathugasemdir M dags. 10. janúar 2023.

**Málsatvik.**

Í málskoti kemur fram að hinn 15. október 2020 hafi M orðið fyrir líkamstjóni við starf sitt í húsnæði X, en þar hafi hann verið að störfum í þágu vinnuveitanda síns, Y. M hugðist koma fyrir hillurekka í kjallara X og hafi verið að færa til vörur og varning í þeim tilgangi. Þegar hann hafi verið að færa til plastplötur úr pökkunarvél hafi svokallaður varmaskiptir hrúnið á vinstri hendi hans með þeim afleiðingum að M varð fyrir líkamstjóni. Atvikið hafi ekki verið tilkynnt til Vinnueftirlitsins fyrr en viku eftir slysdag en lögregla hafi verið kölluð á vettvang. Í fyrirbyggjandi lögregluskýrslu dags. 27. febrúar 2021, kemur fram að fótur undir varmaskiptinum hafi verið laus, og varmaskiptirinn hafi fallið við að lausi fóturinn fór undan honum. M hafi reiknað með því að fætur undir varmaskiptinum væru fastir en hann hefði ekki ætlað að færa hann sjálfan heldur plötur sem voru staðsettar bak við hann. Z, verkstjóri X, hafi beðið M að aðstoða við að flytja dót sem átti að henda. Z hafi snúið baki í M þegar slysið átti sér stað og hafi hann því ekki séð nákvæmlega hvað gerðist. M telur að aðbúnaði á vinnustað og verkstjórn hafi verið ábótavant og því sé bótaskylda úr ábyrgðartryggingu X til staðar. Vísar M til laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og reglna settra á grundvelli þeirra, þar sem m.a. komi fram að vélum og tækjum skuli þannig komi fyrir að ekki stafi af þeim hætta máli sínu til stuðnings. V hafi hins vegar, með bréfi dags. 29. nóvember 2021, hafnað bótaskyldu, meðal annars með þeim rökum að ekki væri óeðlilegt að ónýta eða bilaða hluti væri að finna í geymslum, og hafi M mátt átta sig á því. Að sögn Z hafi hann þá varað M við því að hreyfa varmaskiptinn, og svo virðist, samkvæmt frásögn M sjálfs að hann hafi vanrækt að fylgja þeim fyrirmælum þegar hann færði varmaskiptinn. Verði því ekki talið að verkstjórn hafi verið ábótavant. M mótmælir framangreindu, enda sé það ósannað að Z hafi gefið fyrirmæli í þessa veru. Þá bendi öll gögn málsins, utan einnar símaskýrslu, til þess að M hafi alls ekki verið að færa varmaskiptinn heldur dót í kringum hann. Við tilfærslu á öðru dóti hafi varmaskiptirinn dottið á M vegna vanbúnaðar sem honum hafi ekki verið kunnugt um.

Í bréfi sínu til nefndarinnar áréttar V fyrri afstöðu. Sérstaklega er tekið fram að staðhæfing M um að hann hafi ekki fært til varmaskiptinn sé í beinni mótsögn við fyrsta framburð hans fyrir lögreglu sem hafi verið fenginn þremur dögum eftir slysið. Hljóti að verða að byggja á slíkum samtímagögnum en ekki framburði sem hafi verið gefinn mörgum mánuðum síðar. Jafnvel þó byggt verði á því að M hafi verið að „færa til dót“ eins og komi fram í öðrum málgögnum, hljóti varmaskiptirinn að falla undir það að vera „dót“ og hafi M því farið gegn skýrum fyrirmælum Z um að færa hann ekki einsamall. Hvað varði tilkynningu til Vinnueftirlitsins þá hafi slík skylda hvílt á Y sem vinnuveitanda en ekki X en hvað sem því líði hafi Vinnueftirlitið fengið upplýsingar um slys M þegar á slysdagi, enda hafi lögregla, sem kvödd var á vettvang, haft samband við Vinnueftirlitið auk þess sem öryggisstjóri X hafi strax haft símasamband við eftirlitið en ekki sé gerð krafa um sérstakt form tilkynningar.

Í viðbótarathugasemdum M er sérstaklega fjallað um að skylda til tilkynningar til Vinnueftirlitsins hafi hvílt á X, og að ekki hafi verið nægilegt að hringja inn slíka tilkynningu heldur hafi X borið að hlutast til um framkvæmd rannsóknar.

**Álit.**

Almennar sönnunarreglur í skaðabótarétti gera ráð fyrir því að sá sem heldur því fram að annar beri skaðabótaábyrgð á tjóni sínu beri sönnunarbyrði um að skilyrði slíkrar ábyrgðar séu uppfyllt. Í þessu máli ber M því sönnunarbyrði þess að líkamstjón hans verði rakið til saknæmra og ólögættra athafna

eða athafnaleysis X, starfsmanna þess eða annarra atvika eða aðstæðna sem X ber ábyrgð á. Eins og atvikum er háttað þykir þá ekki ástæða til að víkja frá fyrrgreindum almennum sönnunarreglum enda liggur samkvæmt lögregluskýrslu fyrir að Vinnueftirlitið fékk þegar tilkynningu um slysið þó skrifleg tilkynning hafi ekki borist fyrir en viku síðar.

Aðila greinir að nokkru á um atvik við slys M, en þar sem Z sneri baki í hann voru engin vitni að atvikinu sem slíku. Í fyrirliggjandi lögregluskýrslu kemur fram að M hafi ætlað að færa plötur sem voru við varmaskiptinn. Í framburði Z fyrir lögreglu kemur fram að hann hafi snúið baki að M þegar hinn síðarnefndi fór að færa varmaskiptinn. Í símaframburði M, sem fenginn var þremur dögum síðar, kemur fram að hann hafi verið að færa til varmaskiptinn þegar hann datt, en við skýrslugjöf hjá lögreglu kemur fram að hann hafi ætlað að færa til plötu við varmaskiptinn en eitthvað hafi gerst og varmaskiptirinn fallið eða snúist. Í tilkynningu til Vinnueftirlitsins, dags. 22. október 2020, kemur fram að M hafi verið að færa til dót þegar varmaskiptirinn datt á hann. Er samkvæmt framansögðu ekki fyllilega ljóst hvað gerðist en í öllu falli verður að miða við að M hafi verið að athafna sig, hvort sem það var við flutning á plötum eða varmaskiptinum sjálfum, í námunda við títtnefndan varmaskipti. Gegn mótmælum M, og þar sem ekki kemur skýrt fram í yfirlýsingu Z að hann hafi tjáð M að einn fótur varmaskiptisins hafi verið í ólagi, verður að byggja á því að M hafi ekki verið kunnugt um að varmaskiptirinn stæði völtum fótum og að ekki væri óhætt að athafna sig í námunda við hann. Af gögnum málsins má ráða að varmaskiptirinn sé nokkuð þungur, eða um 100 kíló, og eins séu á honum oddhvassar brúnir. Af gögnum málsins verður þá ekki ráðið annað en að varmaskiptirinn hafi verið látinn standa á „fötunum“ þrátt fyrir að óumdeilt sé að einn þeirra hafi verið laus og verður því að telja að Z, sem vissi um ástand fótansins, hafi verið kunnugt um hættuna sem fólst í að athafna sig í námunda við varmaskiptinn, enda væri hætt við því að hann félli rækist einhver eða eitthvað á hann. Jafnvel þó byggt væri á fyrirliggjandi yfirlýsingu Z verður hins vegar ekki séð að hann hafi varað M sérstaklega við þessari hættu og verður að meta honum það til gáleysis. Er þá einnig litið til þess að varmaskiptirinn var á svæði sem M var sérstaklega beðinn um að aðstoða við tiltekt á en ekkert bendir til að um umrædd geymsla hafi alla jafna verið starfssvæði hans. Er það samkvæmt framansögðu mat nefndarinnar að bótaskylda úr ábyrgðartryggingu X sé til staðar.

#### **Niðurstaða.**

M á rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 14. febrúar 2023.

Sóley Ragnarsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir